



Ársreikningar sveitarfélaga 2010

– niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga bráðabirgðauppgjör

Bráðabirgðaniðurstöður liggja nú fyrir úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2010. Niðurstöður frá sveitarfélögum, þar sem búa rúm 96% íbúanna, gefa marktæka niðurstöðu af afkomu þeirra á árinu enda þótt ekki séu öll þeirra búin að senda ársreikninga sína frá sér.

Lögð er áhersla á að birta niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaganna eins fljótt og hægt er þannig að upplýsingar um afkomu sveitarfélaganna á liðnu ári séu tiltækar þeim sem málið varðar. Það skiptir sveitarfélögin máli að fá þessar niðurstöður sem fyrst, bæði fyrir sitt innra starf svo og fyrir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Enda þótt enn vanti niðurstöður frá nokkrum minni sveitarfélögum þá munu þær ekki hafa nein merkjanleg áhrif á heildarniðurstöðuna.

Sveitarfélögunum er í þessu uppgjöri skipt upp í fjóra flokka til glöggvunar og frekari útskýringar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Vaxtarsvæði (sveitarfélög frá og með Árborg til og með Borgarbyggð (að höfuðborgarsvæðinu undanskildu), Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð)
- Önnur sveitarfélög

Þegar ekki liggja fyrir ársreikningar frá öllum sveitarfélögum innan hvers flokks, þá er niðurstaðan blásin hlutfallslega upp innan viðkomandi flokks. Þannig er möguleg skekkja lágmörkuð þegar niðurstöðurnar eru færðar upp fyrir heildina.

Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2010. A-hlutinn er að mestu leyti fjármagnaður með skatttekjum og skilur hann sig þannig frá B-hlutanum sem er að mestu eða öllu leyti fjármagnaður með þjónustugjöldum. Undir A-hlutann falla verkefni eins og fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs-

Tafla 1. Skil ársreikninga

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	118.908	37,4%	83.278	26,2%	71.408	22,4%	44.642	14,0%	318.236
Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað	118.908		83.074		66.274		37.705		305.961
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		17		51		76
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		6		15		36		58
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	13,03%		13,10%		13,27%		13,27%		13,12%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		99,8%		92,8%		84,5%	96,1%

Bls. 2



Rekstrarleg afkoma sveitarfélaganna er því heldur betri á heildina litið á árinu 2010 en á árinu á undan.

Bls. 3



Fjármagnsliðir koma mun betur út á árinu 2010 en á árinu 2009. Ástæða þess er fyrst og fremst hagstæð þróun á gengi krónunnar á árinu 2010.

Bls. 5



Rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði meiri fjármunum í afgang til að standa undir afborgunum af lánum og nýjfjárfestingum.

og íþróttamál og skipulagsmál. Skil ársreikninga er almennt góð en þó voru skil heldur hægari en á síðasta ári. Það leiðir af sér að skýrslan er heldur seinna á ferðinni en ætlað var.

Ársreikninga vantar enn frá 19 sveitarfélögum þegar skýrslan er tekin saman. Flest þeirra eru frekar fámenn þannig að hlutfallslegt vægi þeirra í heildarniðurstöðunni er minna en fjöldinn gefur til kynna.

Niðurstöður úr rekstri A-hluta sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2010. Þar eru bæði settar fram niðurstöður fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp sambærilegar niðurstöður úr rekstri A-hluta frá árinu 2009. Meðaltal vísitölu neysliverðs hækkaði um 5,4% milli ára 2009 og 2010. Það gefur góða hugmynd um hver almenn verðþróun hefur orðið að jafnaði á tímabilinu.

Tafla 2. Rekstrarreikningur fyrir árið 2010 (m.kr.).

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2010	Samtals 2009
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	49.937	33.628	26.285	16.242	126.092	127.468
Framlag jöfnunarsjóðs	7	1.862	5.816	7.548	15.233	14.954
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	11.074	6.613	8.759	5.174	31.620	28.475
Tekjur	61.018	42.103	40.860	28.964	172.945	170.897
Laun og launatengd gjöld	31.392	21.890	21.275	15.250	89.806	88.297
Annar rekstrarkostnaður	26.505	16.167	16.171	11.576	70.418	71.554
Samtals breytilegur kostnaður	57.897	38.056	37.445	26.826	160.224	159.851
Framlegð (tekjur - breytil. kostn.)	3.121	4.047	3.414	2.138	12.720	11.046
Breyting lífeyrisskuldb.	369	190	486	365	1.411	410
Afskriftir	2.970	2.191	2.324	1.140	8.626	7.110
Samtals gjöld	61.236	40.438	40.255	28.331	170.261	167.371
Niðurstaða án fjárm.l. og óregl. l.	-218	1.665	604	632	2.684	3.526
Framlegð % af tekjum	5,1%	9,6%	8,4%	7,4%	7,4%	6,5%

Heildartekjur sveitarfélaganna (A-hluta) á árinu 2010 voru 172,9 ma.kr. en voru 170,9 ma.kr á árinu 2009. Það er hækkun um 2,0 ma.kr. Meðalútsvarsprósenta hækkaði úr 13,11% á árinu 2009 í 13,12% á árinu 2010. Útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar nam um 2,1 ma.kr. á árinu 2010. Hafa ber þá fjárhæð í huga þegar afkoma sveitarfélaganna er metin því hún er einungis tímabundinn tekjustofn á meðan útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar stendur yfir.

Heildartekjur sveitarfélaganna voru 2,0 ma.kr. hærri á árinu 2010 heldur en á árinu 2009. Er þá ekki tekið tillit til verðyrnunar krónunnar vegna verðbólguáhrifa. Skatttekjur lækkuðu um 1,4 ma.kr. frá árinu 2009, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuðu um 0,3 ma.kr. og Þjónustutekjur hækkuðu um 3,1 ma.kr. Rekstrarkostnaður A-hluta sveitarsjóða nam samtals 160,2 ma.kr. á árinu 2010. Það er 0,4 ma.kr. hærri fjárhæð en á árinu 2009. Heildarlaunagreiðslur voru 89,8 ma.kr. á árinu 2010 og hafa hækkað úr 88,3 ma.kr. frá árinu 2009. Annar kostnaður lækkaði hins vegar um 1,1 ma.kr. eða úr 71,6 ma.kr. í 70,4 ma.kr. Nefna má í þessu sambandi að reikningsskilareglur sveitarfélaga breyttust á þann veg á árinu 2010 að kostnaður við einkaframkvæmdasamninga um fjárfestingar í fasteignum eða samninga um „sölu og endurleigu fasteigna“ er ekki lengur færður sem rekstrarkostnaður heldur færður á sjóðstreymi eins og afborganir af lánnum. Aftur á móti er kostnaður við rekstur einstakra fasteigna færður á rekstrarreikning, hvort sem fasteignin er fjármögnuð með einkaframkvæmdasamningi

eða með almennu bankaláni. Einnig koma til áhrif fjölmargra sparnaðaraðgerða sem sveitarfélögin hafa framkvæmt á undanförunum mánuðum og misserum. Framlegð af rekstri sveitarsjóða á landinu öllu voru 12,7 ma.kr. á árinu 2010 á móti 11,0 ma.kr. á árinu 2009. Rekstrarleg afkoma sveitarfélaganna er því heldur betri á heildina litið á árinu 2010 en á árinu á undan. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er 7,4% á árinu samanborið

við 6,5% á árinu 2009. Lægst er framlegðin sem hlutfall af tekjum í Reykjavík eða 5,1% en hæst er hún hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 9,1%.

Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði segir til um afkomu sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og þegar unnið er út frá gjöldum sem tengjast hefðbundnum rekstri þeirra. Á árinu 2010 er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega

Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2010	Samtals 2009
Niðurstaða án fjárm.l. og óregl. l.	-218	1.665	604	632	2.684	3.526
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	1.691	89	810	397	2.987	-9.507
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	1.473	1.754	1.415	1.029	5.671	-5.981
Óreglulegir liðir	0	-52	82	-184	-154	9.493
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	1.473	1.702	1.497	845	5.517	3.512
Rekstrarniðurst. f.ó.l. sem hlutfall af tekjum	2,4%	4,2%	3,5%	3,6%	3,3%	-3,5%

Niðurstaða úr fjármagnsliðum og rekstrarniðurstaða fyrir og eftir óreglulega liði fyrir árið 2010 kemur fram í töflu 3. Fjármagnsliðir koma mun betur út á árinu 2010 en á árinu 2009. Ástæða þess er fyrst og fremst hagstæð þróun á gengi krónunnar á árinu 2010. Þegar krónan styrkist þá lækkar höfuðstóll þeirra lána sem eru á einhvern hátt tengdar erlendum myntum. Einnig lækkuðu vextir allnokkuð á árinu.

liði 5,7 ma.kr. Hún er mun betri en á árinu 2009 og koma þar fyrst og fremst til áhrif gengisþróunarinnar. Óreglulegir liðir eru ekki fyrirferðarmiklir á árinu 2010 og er það breyting frá árinu 2009. Það eru tekjur eða gjöld sem falla utan við hefðbundinn rekstur sveitarfélaga og eiga sér stað einu sinni eða mjög sjaldan. Þar má til dæmis nefna sölu eigna eða eignarhluta í fyrirtækjum, kostnað vegna náttúruhamfara og annað álíka. Öll samanburðarfræði milli einstakra sveitarfélaga og milli ára verður erfiðari og ómarkvissari ef slíkir póstar lenda einhversstaðar óskilgreint inni í bókhaldi sveitarfélaganna.



Frá Hólmavík

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2010	Samtals 2009
Fastafjármunir	103.174	106.876	111.242	48.111	369.403	314.291
Veltufjármunir	24.948	7.908	20.043	16.466	69.365	71.801
Eignir	128.122	114.784	131.285	64.577	438.768	386.092
Eigið fé	80.314	34.853	44.234	30.583	189.985	161.270
Skuldbindingar	8.428	10.312	9.631	9.820	38.192	38.678
Langtímaskuldir	29.062	51.184	61.766	16.756	158.768	136.356
Skammtímaskuldir	10.318	18.434	15.653	7.418	51.823	49.788
Skuldir án skuldbindinga	39.380	69.619	77.419	24.173	210.591	186.144
Skuldir og skuldbindingar	47.808	79.931	87.051	33.993	248.783	224.822
Skuldir og eigið fé	128.122	99.845	89.037	54.486	438.768	386.092
Veltufjárhlutfall (veltufjárm./skammtímask)	2,4	0,4	1,3	2,2	1,3	1,4

Árið 2010 tóku endanlega gildi þær breytingar sem gerðar voru á uppsetningu efnahagsreiknings sveitarfélaganna með Áliti 1/2010 sem Reikningskil- og upplýsinganefnd gaf út. Með því var sveitarfélögunum gert að færa þær skuldbindingar sem voru utan efnahagsreiknings og einungis getið í skýringum inn í skuldahlið efnahagsreiknings og tilsvarendi eignir á móti eignamegin. Því hefur efnahagsreikningur sveitarfélaganna tekið nokkrum breytingum af þessum sökum án þess að raunbreyting hafi orðið á eignum eða skuldbindingum sveitarfélaganna. Niðurstaðan kemur fram í samanburði á niðurstöðum efnahagsreiknings á milli árána 2009 og 2010. Eignir hafa vaxið um 52,7 ma.kr. og langtímaskuldir um 22,4 ma.kr. Aðrar stærðir eru lítið breyttar. Eigið fé hefur því vaxið um 27,5 ma.kr. milli ára. Veltufjárhlutfallið (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er álíka hjá heildinni milli ára eða 1,3. Miðað er við að það sé ekki lægra en 1,0 til að lausafjárstaðan sé ásættanleg ástandi. Því meira sem hlutfallið er lægra en 1,0, því meiri líkur eru á því að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum við að standa við skuldbindingar sínar til skemmri tíma lítið. Hæst er veltufjárhlutfallið í Reykjavíkurborg eða 2,4 en lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 0,4. Hafa ber í huga að víða eru kröfur A-hluta sveitarsjóðs á B-hluta fyrirtæki færðar sem eignir (viðskiptakröfur) í ársreikningi. Í fæstum tilvikum eru þetta kröfur sem verða greiddar. Hér er oftast um að ræða rekstrarhalla hjá hafnarsjóðum og/ eða félagslegum íbúðum. Sveitarsjóðir hafa lagt fram fjármuni til að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta fyrirtækja en fá þá til baka í fæstum tilvikum. Engu að

síður eru þessir fjármunir skráðir sem eign hjá A-hluta en eyðist út í samstæðureikningi sveitarsjóðs. Sökum þessa er veltufjárhlutfallið ofmetið í allmörgum tilvikum. Hér er um að ræða fjárhæð sem nemur samtals um 6–8 ma.kr.



Þessi hafur hefur fasta búsetu í Reykjanesbæ.



Falleg mynd frá Grund í Vesturhópi.

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2010	Samtals 2009
Veltufé frá rekstri	6.118	1.821	2.193	2.202	12.334	10.285
Handbært fé frá rekstri	4.260	2.449	2.724	2.218	11.650	5.439
Veltufé frá rekstri % af tekjum	10,0%	4,3%	5,4%	7,6%	7,1%	6,0%
Veltufé frá rekstri % af langtímaskuldum	21,1%	3,6%	3,5%	13,1%	7,8%	7,5%
Fjárfestingarhreyfingar	4.790	1.745	4.283	2.709	13.527	18.040
Fjármögnunarhreyfingar	1.993	-78	406	-918	1.403	10.756
Hækkun/lækkun á handbæru fé	3.321	-2	-1.684	-1.424	211	-1.845

Niðurstöður úr sjóðstreymi A-hluta sveitarsjóða á árinu 2010 koma fram í töflu 5. Veltufé frá rekstri hækkar milli ára um 2,1 ma.kr. Það hefur í för með sér að rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði meiri fjármunum í afgang til að standa undir afborgunum af lánum og nýfjárfestingum. Staða þessara mála er hins vegar allmisjöfn milli einstakra flokka. Hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum er hæst hjá Reykjavíkurborg eða 10,0% en lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 4,3%. Þetta hlutfall er óviðunandi lágt enda þótt breytileiki sé nokkur innan flokksins. Þegar veltufé frá rekstri er reiknað sem hlutfall af langtímaskuldum þá kemur í ljós hve mörg ár tekur að greiða upp öll langtímalán ef veltufé frá rekstri breytist ekki á næstu árum. Hjá Reykjavíkurborg er hlutfallið 21% sem er mun óhagstæðara en árið 2009. Niðurstaðan segir að það muni taka borgina um fimm ár að greiða

upp öll langtímalán A-hluta ef öllu því sem afgangs væri, þegar búið er að greiða daglegan rekstur, væri ráðstafað til þeirra hluta. Staðan er mun verri hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu“ og á „Vaxtarsvæði“. Í þessum flokkum tekur nær 30 ár að greiða upp langtímalán að óbreyttu veltufé frá rekstri. Það segir sig sjálft að það er ómögulegt. Hlutfallið er hagstæðara hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 13,1%. Það mun taka þessi sveitarfélög nær átta ár að greiða upp öll langtímalán að jafnaði með óbreyttu veltufé. Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum er í heildina tekið hærra á árinu 2010 en árið 2009 og hefur það hækkað úr 6,0% í 7,1%.

Niðurstaða þessa er að mörg sveitarfélög verða að leggja á það þunga áherslu að auka veltufé frá rekstri til að gera það auðveldara að standa undir afborgunum af lánum og kostnaði við nýfjárfestingar. Það verður fyrst og fremst gert með hagræðingu og sparnaði í daglegum rekstri.



Málefni grunnskólans vega þungt í ársreikningum sveitarfélaga.

Hag- og upplýsingasvið Sambands Íslenskra sveitarfélaga
Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is